

Nettengd Biblía fyrir börn
kynnir



Litli herinn
hans
Gídeons



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest;
Alastair Paterson

Aðlaggað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children

www.M1914.org

©2021 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.





Eftir að
Jósúa dó,
snérist fólk
í Ísrael á móti
Guði. Þá gaf
Guð þá í
hendur
Mídíaníta í

sjö ár, sem
útrýmdu híbýlum
þeirra og uppskeru.



Ísraelir flúðu
til fjalla og
bjuggu þar í
hellum.




An illustration depicting a scene from the Bible. In the center, a man with a beard and a white headband, wearing a blue tunic and a blue skirt, stands holding a wooden staff. To his left, another man in a white tunic is kneeling on the ground, looking up at the standing man. In the foreground, a large woven basket filled with yellow grain sits on a pile of straw. The background features a large green tree on the left, grey mountains in the distance, and a blue sky. The text is written in a simple, black, sans-serif font.

Gídeon, einn Israelana,
var að preskja hveiti í
vínberjapressu undir
stóru tré, til að fela
það fyrir
Mídíanítum.


Þá birtist engill
Drottins með
skilaboð til
Gídeons.



Guð vildi að Gídeon eyðilegði falskt altari föður síns, og byggði altari fyrir hinn eina og sanna Guð. Þótt Gídeon óttaðist að ættmenn hans mundu drepa hann, þóknaðist hann Guði.




Nú vildi Guð að Gídeon tæki forystu herliðs á móti Mídíanítum, en Gídeon var hræddur. Hann bað Guð um að gefa sér tákni, sem mundi sýna að Guð væri með honum. Síðan lagði



hann ullarreyyfi á preskivöllinn.





Þá bað Gídeon
til Guðs,
"Verði dökk
á reyfinu
einu,
meðan
jörðin er
þurr, þá
veit ég að þú munt
frelsa Ísrael fyrir mitt
tilstilli eins og þú hefur sagt."
Um morguninn var jörðin þurr,
en reyfið blautt.



Gídeon var enn í vafa. Hann bað
nú Guð að senda dökk á jörðina
en ekki á reyfið. Morguninn
eftir var jörðin rök en
reyfið þurrt.



Í fyrstu voru 32.000 menn í her Gídeons,
en Guð fækkaði liðinu niður í 300 menn.
Guð vildi ekki að Ísraelar gætu sagt að
þeir hefðu sigrað af sjálfsdáðum.


~~32000~~

~~10000~~

3000 ✓



Vitandi þess að Gideon var enn hræddur,
leyfði Guð honum að hlera á einn af
míðíanítunum segja öðrum frá furðulegum
draumi. Í draumnum féll brauðkaka á eitt
af tjöldum Míðíaníta og gjöreyðilagðist
tjaldið.



Þá sagði hinn, skelfingu lostinn.
"Þetta er sverð Gídeons ...".
Þegar Gídeon heyrði þetta, vissi
hann að Guð mundi gefa honum
fullan sigur.




Gídeon og menn hans lögðu nú til orrustu að næturlagi, og hafði hver þeirra sinn


trompet, tóma krús, og blys í hönd. Þeir umkringdu her Mídíaníta.




Þegar Gídeon gaf merkið, þeyttu þeir
hornin, með blysin í vinstri hönd, og
mölvuðu krúsirnar. Þvílíkur hávaði!
Þvílíkt uppnám! Og flýðu nú Mídíanítarnir
í allar áttir.



Eftir þennan mikla sigur, báðu
Ísraelsmenn Gídeon að gerast
forystumaður þeirra.



"Það er ekki mitt að drottna yfir ykkur...
Guð er ykkar drottinn", sagði Gídeon, sem
vissi að aðeins Guð gæti sett fólkinu líf-
sreglurnar.



Litli herinn hans Gídeons
Sögu þessa úr heilagri ritningu,
biblíunni,
er að finna í
Dómarabókinni 6-9

“Þegar orð þín ljúkast upp,
ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

